

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur þriðjudaginn 15. mars 2016 í máli nr. S-71/2016:

Ákærvaldið

(Matthea Oddsdóttir saksóknarfulltrúi)

gegn

Antoni Traustasyni

(Lárus Sigurður Lárusson hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 11. mars sl. er höfðað með ákæru útgefinni af héraðssaksóknara 4. febrúar sl., á hendur Antoni Traustasyni, kennitala 000000-0000, Svarthömrur 38 í Reykjavík, fyrir meiri háttar brot gegn skattalögum sem stjórnarmanni, framkvæmdastjóra og prókúruhafa einkahlutafélaganna Arctic Roadtrip, kt. 000000-0000 (nú þrotabú), og Cheap Jeep, kt. 000000-0000 (nú þrotabú), með því að hafa:

1. Eigi staðið skil á virðisaukaskattsskýrslum einkahlutafélagsins Arctic Roadtrip vegna uppgjörstímabilanna júlí – ágúst og nóvember – desember rekstrarárið 2011 og janúar – febrúar, mars – apríl og maí – júní rekstrarárið 2012 á lögmæltum tíma og hafa eigi staðið ríkissjóði skil á virðisaukaskatti sem innheimtur var í rekstri einkahlutafélagsins vegna uppgjörstímabilanna júlí – ágúst og nóvember – desember rekstrarárið 2011 og janúar – febrúar, mars – apríl og maí – júní rekstrarárið 2012 í samræmi við fyrirmæli IX. kafla laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, samtals að fjárhæð kr. 3.359.516, sem sundurliðast sem hér greinir:

Uppgjörstímabil:	Vangoldinn VSK:
Árið 2011	
Júlí – ágúst	kr. 369.587
Nóvember – desember	<u>kr. 209.503</u>
	kr. 579.090
Árið 2012	
Janúar – febrúar	kr. 596.908
Mars – apríl	kr. 1.515.040
Maí – júní	<u>kr. 668.478</u>
	kr. 2.780.426
Samtals:	kr. 3.359.516

2. Eigi staðið skil á virðisaukaskattsskýrslum einkahlutafélagsins Cheap Jeep vegna uppgjörstímabilanna maí – júní og júlí – ágúst rekstrarárið 2013 á lögmæltum tíma og hafa eigi staðið ríkissjóði skil á virðisaukaskatti sem innheimtur var í rekstri einkahlutafélagsins vegna uppgjörstímabilanna mars – apríl, maí – júní, júlí – ágúst, september – október og nóvember – desember rekstrarárið 2013 og janúar – febrúar, mars – apríl og maí – júní rekstrarárið 2014, í samræmi við fyrirmæli IX. kafla laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, samtals að fjárhæð kr. 14.447.429, sem sundurliðast sem hér greinir:

Uppgjörstímabil:	Vangoldinn VSK:
Árið 2013	
Mars – apríl	kr. 970.627
Maí – júní	kr. 1.701.711
Júlí – ágúst	kr. 1.975.023
September – október	kr. 1.604.152
Nóvember – desember	<u>kr. 1.028.457</u>
	kr. 7.279.970
Árið 2014	
Janúar – febrúar	kr. 870.566
Mars – apríl	kr. 3.395.441
Maí – júní	<u>kr. 2.901.452</u>
	kr. 7.167.459
Samtals:	kr. 14.447.429

3. Eigi staðið skil ríkissjóði skil á staðgreiðslu opinberra gjalda sem haldið var eftir af launum starfsmanna einkahlutafélagsins Arctic Roadtrip vegna greiðslutímabilanna ágúst rekstrarárið 2011 til og með júlí rekstrarárið 2012, í samræmi við fyrirmæli III. kafla laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, samtals að fjárhæð kr. 7.354.275, sem sundurliðast sem hér greinir:

Greiðslutímabil:	Vangoldin staðgreiðsla:
Árið 2011	
Ágúst	kr. 1.338.598
September	kr. 465.599
Október	kr. 388.494
Nóvember	kr. 255.836
Desember	<u>kr. 295.064</u>
	kr. 2.743.591
Árið 2012	
Janúar	kr. 337.685
Febrúar	kr. 405.655
Mars	kr. 412.762
Apríl	kr. 573.983
Júní	kr. 988.999

Júlí	<u>kr. 1.891.600</u>
	kr. 4.610.684
Samtals:	kr. 7.354.275

4. Eigi staðið skil á skilgrein einkahlutafélagsins Cheap Jeep vegna staðgreiðslu opinberra gjalda á lögmæltum tíma vegna greiðslutímabilsins maí rekstrarárið 2014 og eigi staðið ríkissjóði skil á staðgreiðslu opinberra gjalda sem haldið var eftir af launum starfsmanna einkahlutafélagsins vegna greiðslutímabilanna maí rekstrarárið 2013 til og með júlí rekstrarárið 2014, í samræmi við fyrirmæli III. kafla laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, samtals að fjárhæð kr. 7.233.443, sem sundurliðast sem hér greinir:

Greiðslutímabil:	Vangoldin staðgreiðsla:
Árið 2013	
Maí	kr. 566.970
Júní	kr. 1.404.582
Júlí	kr. 1.659.923
Ágúst	kr. 1.048.230
September	kr. 161.905
Október	kr. 51.046
Nóvember	kr. 81.459
Desember	<u>kr. 202.984</u>
	kr. 5.177.099
Árið 2014	
Janúar	kr. 162.204
Febrúar	kr. 157.213
Mars	kr. 35.725
Apríl	kr. 32.015
Maí	kr. 253.386
Júní	kr. 724.014
Júlí	<u>kr. 691.787</u>
	kr. 2.056.344
Samtals:	kr. 7.233.443

Framangreind brot ákærða teljast varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 39/1995, sbr. einnig:

- a) 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, sbr. 3. gr. laga nr. 42/1995 og 3. gr. laga nr. 134/2005, að því er varðar 1. og 2. tölulið ákæru.
- b) 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. 2. gr. laga nr. 42/1995 og 1. gr. laga nr. 134/2005, að því er varðar 3. og 4. tölulið ákæru.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Verjandi ákærða krefst vægustu refsingar sem lög leyfa og þess að hún verði alfarið skilorðsbundin auk hæfilegrar þóknunar sér til handa.

Farið var með mál þetta samkvæmt 164. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og var það tekið til dóms án frekari sönnunarfærslu þegar sækjanda og verjanda ákærða hafði verið gefinn kostur á að tjá sig um lagaatriði og ákvörðun viðurlaga.

Ákærði hefur skýlaust jatað brot sín. Sannað er með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins að ákærði er sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök og eru brot hans rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

Ákærði er fæddur í janúar 1975. Samkvæmt sakavottorði hefur hann ekki áður gerst sekur um refsiverðan verknað. Við ákvörðun refsingar verður litið til hreinskilnislegrar játningar hans og innborgunar til lækkunar höfuðstóls vanskila virðisaukaskatts uppgjörstímabilið mars til apríl 2013. Verður refsing ákærða ákveðin fangelsi í átta mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá deginum í dag að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Ákærði greiði 63.000.000 króna sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa en sæti ella fangelsi í 270 daga.

Ákærði greiði málsvarnarþóknun skipaðs verjanda síns, Lárusar Sigurðar Lárussonar hdl., 306.900 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti en ekki hlaust annar kostnaður af málinu.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Matthea Oddsdóttir saksóknarfulltrúi.

Barbara Björnsdóttir héraðsdómari kveður upp þennan dóm.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, Anton Traustason, sæti fangelsi í átta mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði 63.000.000 króna sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa en sæti ella fangelsi í 270 daga.

Ákærði greiði málsvarnarþóknun skipaðs verjanda síns, Lárusar Sigurðar Lárussonar hdl., 306.900 krónur.

Barbara Björnsdóttir